

Nd.

525. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Minni hlutinn er með öllu sammála meiri hlutanum um, að mjög væri æskilegt, að brunatrygging á húsum og lausafje hjer á landi, kæmist á innlendur hendur. Enda var sú tilætlun með lögum nr. 58 frá 22. nóv. 1907.

En lög þau hafa ekki komist i framkvæmd, af því endurtrygging sú, er lögin gera ráð fyrir, hefir ekki fengist, en með henni var tilætlunin að takmarka áhættu landssjóðs og sveitarfjelaganna. Enda er það meginregla við brunatryggingar annarsstaðar, að áhættan, sem við brunatryggingar er mjög erfitt að áætla, skiftist á sem flestar hendur. Án þess vilja fjelögin ekki taka á sig áhættuna, og við það verða fjelögin um leið fastari og tryggari bakhjarl fyrir þá, sem tryggja i þeim.

Minni hlutanum þykir varhugavert að landssjóður og sveitarfjelögin taki ábyrgð þá á sig, sem frumvarpið gerið ráð fyrir, án endurtryggingar. Áhætta landssjóðs er að visu bundin við 800,000 krónur, og þannig takmörkuð.

En bæði er nú það, að hjer er um all-mikla upphæð að ræða, sem landssjóði gæti orðið örðugt að greiða i 'svipinn, ef til kæmi, en auk þess má ætla, ef brunaskaðinn færi fram úr 800 þúsundum auk brunabótasjóðs, að þá væri landssjóður siðferðislega bundinn til frekari greiðslu, gagnvart þeim, sem i trausti til hans hafa vátrygt i fjelaginu.

Um það má vitanlega deila, hvort slíka brunaskaða muni að hendi bera, en með rjettu verður því ekki neitað, að möguleikleikar eru fyrir meiri brunaskaða en þeim, sem ábyrgð landssjóðs hrykki fyrir. Nægir í því efni að vísa til, að á Akureyri einni eru hús virt á hjer um bil $1\frac{1}{2}$ miljón króna. Og reynsla undanfarinna ára sýnir, að þar hafa orðið miklir brunar, og gætu þeir orðið margfalt stærri.

Því hefir að vísu verið haldið fram, að með bættum bruna-áhöldum, og betri skipun brunaliðsins minkaði brunahættan, og þetta er rjett; en þrátt fyrir tilraunir til endurbóta í þessu efni sýndi bruninn mikli í Reykjavík við hvað ramman reip er að draga, þar sem eldurinn er.

Að því er áhættu sveitarfjelaganna snertir, þá er hún samkv. lögnum $\frac{1}{6}$ hluti verðs, og getur hjer verið að ræða um all-verulega áhættu fyrir sveitarfjelög, þar sem þorp liggja í sveitarfjelinu eða sveitarfjlagið er kaup-tún, því á slíkum stöðum er oft um miklar húsapýrþingar að ræða.

Virðist minni hlutanum athugavert, að leggja slíka áhættu á sveitarfjelögin áður en þau eru spurð.

Mjer er ekki kunnugt um að ríki vátryggi nokkursstaðar gegn bruna-bættu. Að vísu er brunabótatryggingin í Baden þannig að húseigendur eru skyldir að vátryggja gegn eldhættu í gagnkvæmu brunabótafjlagi, sem að öllu leyti er undir eftirliti landstjórnarinnar, án þess að landið hafi tekið að sjer nokkra fjárhagslega ábyrgð eða fje hafi verið lagt úr rikissjóði til fjelagsins. Og er fyrirkomulagið þannig að brunaskaðanum er jafnað niður árlega á þá, sem vátryggja í því. Ástæða virðist til að rannsaka fyrirkomulag þessarar tryggingar nánar og hvernig hún hefir reynst.

Enda verður yfirleitt ekki annað sjeð, en að viðfangsefni það, sem hjer liggur fyrir sje ofvaxið þingnefnd og því eðlilegast að fela stjórninni frekari undirbúning þessa máls, enda full ástæða til þess að hún útvegaði sjerfróða aðstoð til þess að ihuga þetta mál og skilyrði fyrir ýmsri annari ábyrgðarstarfsemi hjer í landinu.

Samkvæmt ofanrituðu getur minni hlutinn ekki lagt til að frumvarpið verði samþykkt, en vill vísa þessu mikla velferðarmáli til stjórnarinnar til frekari undirbúnings undir næsta þing.

Alþingi, 25. ágúst 1915.

Sigurður Eggerz.